

# YFIRLIT – SPARNAÐARLÍFTRYGGING 2014

SJÓVÁ

SJÓVÁ

# SPARNAÐARLÍFTRYGGING

## ERLENDIR SJÓÐIR – ÁVÖXTUN ER Í HÖNDUM HENDERSON GLOBAL INVESTORS

Einungis viðskiptavinir sem fjárfesta nú þegar í sjóðum Henderson geta haldið því áfram meðan gjaldeyrishöft ríkja. Ekki er hægt að hækka innborganir, en hægt er að færa inneign á milli sjóða sé þess óskað.

### EVRÓPUSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 12 mánuðir | 1,4% | 0,5% |
| 24 mánuðir | 14,0% | 11,2% |
| 48 mánuðir | 13,3% | 9,3% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|---|---|---|
| Evrópsk hlutabréf | 55% | 95% |
| Evrópsk smáfyrirtæki | 5% | 45% |

MARKMIÐ

Fjárfesta í stórum sem smáum evrópskum fyrirtækjum og ná fram stöðugri ávöxtun með áhættudreifingu. **Einungis viðskiptavinir sem fjárfesta nú þegar í sjóðum Henderson geta haldið því áfram meðan gjaldeyrishöft eru í gildi.**

### ALHEIMSSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 12 mánuðir | 11,2% | 10,3% |
| 24 mánuðir | 14,2% | 11,4% |
| 48 mánuðir | 11,1% | 7,2% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|---|---|---|
| Evrópsk hlutabréf | 10% | 50% |
| Amerísk hlutabréf | 10% | 50% |
| Japönsk hlutabréf | 5% | 35% |
| Hlutabréf í Kyrrahafslöndum | 0% | 20% |

MARKMIÐ

Fjárfestingar eru í hlutabréfum stórra sem smárra fyrirtækja um allan heim á flestu stærstu mörkuðunum. **Einungis viðskiptavinir sem fjárfesta nú þegar í sjóðum Henderson geta haldið því áfram meðan gjaldeyrishöft eru í gildi.**

### SKULDABRÉFASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 12 mánuðir | 5,2% | 4,4% |
| 24 mánuðir | 0,4% | -2,0% |
| 48 mánuðir | 6,7% | 3,0% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|---|---|---|
| Alheimsskuldabréf | 60% | 100% |
| Evrópsk skuldabréf | 0% | 40% |

MARKMIÐ

Fjárfesta í skuldabréfum um allan heim. **Einungis viðskiptavinir sem fjárfesta nú þegar í sjóðum Henderson geta haldið því áfram meðan gjaldeyrishöft eru í gildi.**

### ÞRÓUNARSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 12 mánuðir | 5,7% | 4,9% |
| 24 mánuðir | 14,2% | 11,4% |
| 48 mánuðir | 11,7% | 7,8% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|---|---|---|
| Evrópsk hlutabréf | 10% | 50% |
| Evrópsk smáfyrirtæki | 10% | 50% |
| Nýmarkaðir | 5% | 35% |
| Hlutabréf tæknifyrirtækja | 0% | 20% |

MARKMIÐ

Fjárfestingar eru að hluta til í evrópskum hlutabréfum og á nýjum vaxandi hlutabréfamörkuðum. **Einungis viðskiptavinir sem fjárfesta nú þegar í sjóðum Henderson geta haldið því áfram meðan gjaldeyrishöft eru í gildi.**

Erlendir sjóðir – gengisþróun




Erlendir sjóðir – gengisþróun



# HORFUR Á MARKAÐI

**Stýrivextir**
Stýrivextir Seðlabanka Íslands, sem nú eru 5,25%, lækkuðu tvisvar á árinu. Um 0,25% í nóvember og um 0,5% í desember, eftir að bankinn hafa haldið vöxtunum óbreyttum síðan í nóvember 2012. Lækkunin er í takt við hagstæða verðbólguþróun á árinu 2014. Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands sagði samhliða síðustu vaxtaákvörðun að niðurstaða kjarasamninga myndi hafa afgerandi áhrif á verðbólguhorfur og þar með á þróun vaxta á næstu misserum.

**Vísitala neysluverðs (verðbólga)**
Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,03% á árinu 2014 sem er minnsta hækkun frá því að verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands (2,5%) var tekið upp árið 2001. Hófsamir kjarasamningar, stöðugt gengi krónunnar og lækkun á eldsneytisverði voru meðal atriða sem drógu úr hækkun á vísitölunni. Spár greiningaraðila gera ráð fyrir að verðbólga verði um 2% í árslok 2015.

**Gengi íslensku krónunnar**
Gengi krónu var stöðugt á liðnu ári en gengisvísitala krónunnar styrktist um 1,3% á árinu. Krónan þróaðist með misjöfnum hætti gagnvart einstökum myntum. Bandaríkjadollari hækkaði um 10,3% en evran lækkaði um 2,67% % gagnvart krónunni. Ekki lítur út fyrir að veruleg breyting verði á gengi íslensku krónunnar næsta kastið. Óvissa er um áhrif af losun gjaldeyrishafta á gengi krónunnar en útlit er fyrir að að mikilvæg skref verði tekin á árinu.

**Innlend skuldabréf**
Af skuldabréfum voru það löng óverðtryggð ríkisskuldabréf sem gáfu hæstu ávöxtunina. Verðtryggð skuldabréf áttu undir högg að sækja sökum lágrar verðbólgu. Eftirspurn var meiri eftir óverðtryggðum skuldabréfum, aðallega í lok árs vegna lágrar verðbólgu og tvennra stýrivaxtalækkana. RIKB 31 gaf hæstu ávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa (13,2%) en af verðtryggðum skuldabréfum var ávöxtun hæst á skuldabréfum Íbúðalánasjóðs, HFF 44 (3,5%).

Á árinu 2015 mun draga úr framboði á ríkisbréfum en Lánamál ríkisins gera ráð fyrir að hrein útgáfa ríkisbréfa verði 6 ma.kr. og ríkisvíxla upp á 5 ma.kr. samtals 11 ma.kr. Framboð á verðtryggðum ríkisskuldabréfum mun halda áfram að dragast saman á árinu og ekki er gert ráð fyrir útgáfu á verðtryggðum skuldabréfum hjá Íbúðalánasjóði.

**Innlend hlutabréf**
Þróun hlutabréfaverðs var kaflaskipt á liðnu ári. Úrvalsvísitalan (OMXI8) hækkaði um 4,1% á síðasta ári en heildarvísitalan (OMXIGI) hækkaði um 12,39%. Framan af ári var lítið að gerast og ávöxtun neikvæð fyrstu sex mánuði ársins. Síðari hlutinn var mun hagfelldari og þá sér í lagi desembermánuður. Velta með hlutabréf á Aðallista Kauphallarinnar jókst um rúm 16% á milli ára. Nýskráningar Sjóvár og Granda á árinu standa á bak við þessa hækkun en án þeirra hefði veltan verið sú sama og árið áður. Þau bréf sem hækkuðu mest á síðasta ári voru Össur (+59,6%), Grandi (+55,1%), Vodafone (+28,4%) og Icelandair (+18,0%). Íslensk hlutafélög á Aðallista Kauphallarinnar eru orðin 13 og væntingar eru um að 2–4 félög verði skráð í Kauphöllina á árinu 2015.

**Erlend hlutabréf**
Erlendir hlutabréfamarkaðir hækkuðu flestir árið 2014 en töluverður munur var á verðþróun hlutabréfa eftir einstökum löndum. Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) hækkaði um 4,9% mælt í Bandaríkjadollurum og 16,3% í íslenskum krónum. Helstu hlutabréfavísitölur í Bandaríkjunum hækkuðu um 7–13% og í Evrópu um 1–9% mælt í myntum viðkomandi landa. Mikilvægt er að hafa í huga að gengisþróun krónu hefur áhrif á ávöxtun erlendra hlutabréfa í íslenskum krónum.

## SJÓÐIR Í ÁVÖXTUN HJÁ ÍSLANDSBANKA

### RÍKISSJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 12 mánuðir | 3,0% | 2,2% |
| 24 mánuðir | 2,3% | -0,2% |
| 48 mánuðir | 5,0% | 1,4% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|---|---|---|
| Innlán/laust fé | 0% | 10% |
| Ríkisskuldabréf | 0% | 90% |

MARKMIÐ

**Ná stöðugri og öruggri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði af innlendum ríkisskuldabréfum.**

### HLUTABRÉFASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 12 mánuðir | 5,0% | 4,2% |
| 24 mánuðir | 17,6% | 14,8% |
| 48 mánuðir | 14,0% | 10,0% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|---|---|---|
| Innlend hlutabréf | 90% | 100% |
| Laust fé | 0% | 10% |

MARKMIÐ

**Langtímaaukning með gengishagnaði og arði af innlendum hlutabréfum.**

### INNLÁNS OG RÍKISSKULDABRÉFASJÓÐUR

MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 12 mánuðir | 2,9% | 2,0% |
| 24 mánuðir | 2,6% | 0,1% |
| 48 mánuði | 4,3% | 0,7% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|---|---|---|
| Innlán | 20% | 40% |
| Skuldabréf m. áb. ríkisins | 60% | 100% |

MARKMIÐ

**Að ná stöðugri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði.**

## BLANDAÐUR HLUTABRÉFASJÓÐUR

### MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 12 mánuðir | 13,0% | 12,1% |
| 24 mánuðir | 18,5% | 15,7% |
| 48 mánuðir | 13,8% | 9,9% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|---|---|---|
| Erlend hlutabréf Sjóvá | 35% | 35% |
| Innlend hlutabréf Sjóvá | 65% | 65% |

MARKMIÐ

Aukning eigna til langs tíma með gengishækkun og arði af innlendum og erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## ERLEND HLUTABRÉF OG ERLENDUR VAXTASJÓÐUR

### MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 12 mánuðir | 16,8% | 15,8% |
| 24 mánuðir | 17,0% | 14,1% |
| 48 mánuðir | 12,4% | 8,5% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|---|---|---|
| Innlán/laust fé | 0% | 10% |
| Erlend hlutabréf | 90% | 100% |

MARKMIÐ

Eignaaukning til lengri tíma með gengishagnaði og arði af erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## ÍSLENSK SKULDABRÉF

### MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 12 mánuðir | 4,9% | 4,0% |
| 24 mánuðir | 4,6% | 2,0% |
| 48 mánuðir | 6,9% | 3,2% |

| FJÁRFESTINGASTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|---|---|---|
| Innlán/laust fé | 0% | 20% |
| Ríkisskuldabréf | 60% | 100% |
| Önnur skuldabréf | 0% | 20% |

MARKMIÐ

Markmið sjóðsins er að skila góðri ávöxtun og áhættudreifingu með því að fjárfesta einkum í innlendum skuldabréfum. Allur arður verður endurfjárfestur. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

## INNLEND VERÐBRÉF OG ÍSLENSK VERÐBRÉF

### MEÐALÁRSÁVÖXTUN

| TÍMABIL | NAFNÁVÖXTUN | RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| 12 mánuðir | 4,8% | 4,0% |
| 24 mánuðir | 7,6% | 5,0% |
| 48 mánuðir | 8,7% | 4,9% |

| FJÁRFESTINGARSTEFNA | LÁGMARK | HÁMARK |
|---|---|---|
| Innlend hlutabréf | 0% | 20% |
| Ríkisskuldabréf | 40% | 100% |
| Önnur innlend skuldabréf | 0% | 20% |
| Innlán/laust fé | 0% | 20% |

MARKMIÐ

Ná fram eignaaukningu til lengri tíma með vaxtatekjum, gengishagnaði, arðgreiðslum af innlendum ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Mikil eignadreifing. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

### Innlendir sjóðir – gengisþróun




### Innlendir sjóðir – gengisþróun

